



Ferðamálastefna Vesturbyggðar

Unnin af Vestfirðastofu

2022 - 2024



Efnisyfirlit

1.	Vesturbyggð.....	4
1.1.	Sagan	4
1.2.	Markmið og aðferðafræði	5
2.	Stöðugreining	6
2.1.	Staða ferðapjónustu á svæðinu.....	6
2.1.1.	Ferðaskrifstofur og ferðasalar dagsferða 2022	6
2.1.2.	Gistipjónusta.....	6
2.1.3.	Veitingapjónusta.....	7
2.1.4.	Matvara	7
2.1.5.	Upplýsingamiðstöðvar	7
2.1.6.	Dægradvöl og upplifun	7
2.1.7.	Almenningssamgöngur	8
2.1.8.	Vegir og vegslóðar	8
2.1.9.	Útivistar og gönguleiðir	11
2.1.10.	Áningarstaðir Vegagerðarinnar og bílastæði.....	11
2.1.11.	Bílaleigur, bifreiðaverkstæði, bensinstöðvar og hleðslustöðvar	11
2.1.12.	Flug og flugvöllir	11
2.1.13.	Hafnir og bátastaða	12
2.1.14.	Landbúnaður, veiðar og náttúrunytjar	12
2.1.15.	Þjóðgarður, friðlýst svæði og minjar	13
2.1.16.	Menntun og rannsóknir.....	13
2.1.17.	Umhverfis og sorpmál	13
2.1.18.	Öryggismál.....	14
2.2.	Markaðsgreining.....	15
2.2.1.	Þjóðerni	15
2.2.2.	Markhópur og áhugasvið hans	15
2.3.	Ímynd svæðis og aðdráttarafl.....	19
2.4.	Mat á framlagi ferðapjónustu til svæðisins.....	20
2.5.	Mat á áhrifum ferðapjónustu á svæðinu	21
2.6.	SVÓT greining	27
2.7.	Helstu áskoranir.....	28
3.	Framtíðarmarkmið	29
3.1.	Framtíðarsýn	29
3.2.	Tengsl við aðra áætlunargerð.....	29
3.3.	Áherslur	29

3.4. Starfsmarkmið	29
4. Stefna og aðgerðaáætlun	31
4.1. Hvernig ferðaþjónustu viljum við	31
4.2. Möguleikar svæðisins	32
4.3. Aðgerðaáætlun	33
5. Kostnaður, mannaflí og úrræði	40
6. Lokaorð	41
7. Heimildaskrá	42

Myndir

Mynd 1 - Sveitafélagið Vesturbyggð	4
Mynd 2 - Gistinætur 2018-2020 Vesturbyggð	6
Mynd 3 - Gestkomur 2018-2020 Vesturbyggð	7
Mynd 4 - Flokkun þjóðvega. Mynd: Vegagerðin.	8
Mynd 5 - Vetrarþjónusta 2021 Vesturbyggð	9
Mynd 6 - ISO 8603 staðlaðar vikur	10
Mynd 7 - Heildarfjöldi bifreiða 2018-2020, Látrabjarg	10
Mynd 8 - Heildarfjöldi bifreiða 2018-2020, Rauðasandur	10
Mynd 9 - Áningarstaðir Vegagerðin. Upplýsingar fengnar úr vefsíðu Vegagerðarinnar.	11
Mynd 10 - Þróun farþega 2010-2019 - Bíldudalsflugvöllur.	12
Mynd 11 - Þjóðerni gesta - getakomur 2018-2020.	15
Mynd 12 - Þjóðerni gesta - Gistinætur 2018-2020	15
Mynd 13 - Lykilorð lífsglaða heimsborgarans	16
Mynd 14 - Lykilorð sjálfstæða landkönnuðarins.	17
Mynd 15 - Lykilorð makindalega menningarvitans.	17
Mynd 16 - Hvaða þættir hver markhópur setur í forgang. Mynd Íslandsstofa.	18
Mynd 17 - Hlutdeild ferðamanna eftir hverjum markhóp. Mynd: Íslandsstofa	18
Mynd 18 - Rekstraryfirlit lögaðila ferðaþjónustu. Tölvupóstur Skatturinn.	20
Mynd 19 - Efnahagur Ferðaþjónustuaðila Vesturbyggð. Tölvupóstur Skatturinn.	21
Mynd 20 - SVÓT greining ferðaþjónustu í Vesturbyggð	27

Töflur

Tafla 1 - Mat á áhrifum ferðaþjónustu í Vesturbyggð	21
Tafla 2 - Ástand friðlýstra svæða 2019 í Vesturbyggð. Umhverfisstofnun	22

Ferðamálastefna Vesturbyggðar

Þessi ferðamálastefna er unnin af Vestfjarðastofu fyrir sveitafélagið Vesturbyggð. Stefnan var unnin árið 2020 í samstarfi við menningar- og ferðamálafulltrúa Vesturbyggðar og stýrihóp verkefnisins og með aðkomu ferðþjóna og annarra hagsmunaaðila ferðþjónustunnar.

Vestfjarðastofa hefur síðan 2018 unnið að gerð Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða sem er stefnumótandi áætlun fyrir öll sveitarfélög Vestfjarða sem er gefin út á þriggja ára fresti en aðgerðaráætlanir hennar eru uppfærðar árlega. Áfangastaðaáætlun er ætlað að vera framtíðarsýn allra níu sveitarfélaganna og annarra hagsmunaaðila þegar að kemur að ferðþjónustu. Að sama skapi er Ferðamálastefna Vesturbyggðar yfirlýst stefna sveitarfélagsins sem tekur Áfangastaðaáætlun enn lengra og fer mun meira á dýptina er varðar greiningu á hag ferðþjónustunnar og stöðumati.

Við vinnu Ferðamálastefnu Vesturbyggðar var meðal annars byggt á Innviðagreiningu Vesturbyggðar sem var gefin út árið 2019 sem og þeim gögnum sem var safnað við gerð Áfangastaðaáætlunar. Jafnframt voru haldnir opnir fundir, bæði á Patreksfirði sem og Bíldudal, 8. og 9. júní 2020 en vegna Covid var annað samráð unnið í gegnum fjarfundi og fóru fundir stýrihóps almennt fram í gegnum fjarfundabúnað.

Úr þessari vinnu kom framtíðarsýn með aðgerðaáætlun til næstu 2 ára. Framtíðarsýnin á að gefa góð mynd á þá stefnu sem Vesturbyggð vill fara í ferðþjónustu.

Framtíðarsýn Vesturbyggðar til næstu 2 ára,

Vesturbyggð er áfangastaður einstakrar upplifunar sjávar og sands, vatns og vellíðunar allt árið um kring. Ferðþjónusta hefur jákvæð áhrif, skapar verðmæti fyrir íbúa og ýtir undir vernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda svæðisins.

Starfshópur vegna Ferðamálastefnu Vesturbyggðar var skipaður:

Friðbjörg Matthíasdóttir
Gunnþórunn Bender
Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir

Fyrir hönd Vestfjarðastofu
Díana Jóhannsdóttir

1. Vesturbyggð

Vesturbyggð er sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum. Til Vesturbyggðar teljast Birkimelur á Barðaströnd, Bíldudalur og Patreksfjörður og sveitirnar Barðaströnd, Breiðavík, Hænuvík, Ketildalir, Látrar, Rauðasandur og suðurfirðir.

Fyrrum voru sex hreppar á suðursvæði Vestfjarða: Barðastrandahreppur, Ketildalahreppur, Patreks-
hreppur, Rauðasandshreppur, Suðurfjarðahreppur og Tálknafjarðahreppur. Árið 1987, þann 1. júlí, voru Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur sameinaðir í Bíldudalshrepp og þann 11. júní 1994 sameinuðust Bíldudalshreppur, Barðastrandahreppur, Patreks-
hreppur og Rauðasandshreppur í Vesturbyggð. Sameiningartillagan var felld í kosningum á Tálknafirði og eru nú tvö sveitarfélög á sunnan-
verðum Vestfjörðum, Tálknafjarðahreppur og Vesturbyggð (Vesturbyggð, e.d).



Mynd 1 - Sveitafélagið Vesturbyggð.

Byggðakjarnar Vesturbyggðar eru tveir, Patreksfjörður og Bíldudalur. 1. janúar árið 2022 voru 1.064 íbúar í Vesturbyggð, 577 karlar og 487 konur (Hagstofan, 2022a).

1.1. Sagan

Á Patreksfirði og Bíldudal hefur verslun og sjávarútvegur verið til staðar um aldir, en þangað sóttu kaupmenn frá ýmsum löndum. Á einokunartímanum voru Vatneyri í Patreksfirði og Bíldudalur viðurkenndir verslunarstaðir og fiskihafnir. Fiskveiðar- og vinnsla hafa verið stór þáttur í atvinnulífi á svæðinu og eru það enn. Á Bíldudal hófst þilskipaútgerð fyrst á Íslandi árið 1806 eftir að Ólafur riddari Thorlacius hafði keypt Bíldudalsverslun nokkrum árum áður þegar einokuninni var aflétt. Ólafur var umsvifamesti kaupmaður landsins í byrjun nítjándu aldar. Bjarni riddari Sívertsen byrjaði þilskipaútgerð sama ár frá Hafnarfirði en sú útgerð stóð ekki óslitið eins og á Bíldudal, sem stóð frá 1806 til 1936.

Pétur J. Thorsteinsson keypti Bíldudalsverslunina 1879 og varð hann mjög umsvifamikill í útgerð og fiskvinnslu. Áhrifa hans gætti lengi þar sem hann færði út kvíarnar þegar þrengjast fór um hann á Bíldudal. Hann hóf m.a. útgerð í Hafnarfirði og í Viðey en áður hafði hann keypt Vatneyrarverslunina 1896 þar sem hann gerði einn af verslunarmönnum sínum Ólaf Jóhannesson að verslunarstjóra. Ólafur varð síðar mikill athafnamaður á Patreksfirði og stóð þar ásamt sonum sínum fyrir togaraútgerð um árabil. Enn í dag er sjávarútvegur mikilvægasta atvinnugreinin í Vesturbyggð og þar er einnig að finna fjölbreytta þjónustu.

Menningin á sér líka djúpar rætur á svæðinu og er skáldið Jón úr Vör og listmálarinn Kristján Davíðsson líklega kunnustu listamenn Patreksfjarðar. Þá hefur heimildamyndahátíðin Skjaldborg fest sig í sessi á undanförunum árum sem ein eftirtektarverðasta kvikmyndahátíð landsins. Um aldamótin 1900 var menningarlíf á Bíldudal með miklum blóma. Leiklist var stunduð og Ásgrímur Jónsson listmálarinn málaði t.d. leiktjöld sem enn eru til. Skáldið Þorsteinn Erlingsson var á Bíldudal um tíma eftir aldamótin á vegum Péturs eins og Ásgrímur og ritstýrði blaðinu Arnfirðingi. Ekki má heldur gleyma að Guðmundur Thorsteinsson, Muggur, fæddist og ólst upp á Bíldudal. Minnisvarðar eru um hann og foreldra hans á staðnum.

1.2. Markmið og aðferðafræði

Markmið með gerð ferðamálastefnu er að sveitafélagið og ferðaþjónar í Vesturbyggð hafi skýra sýn til að vinna að og verkefnum sé forgangsraðað og til staðar er vitund og sameiginleg sýn um stöðu og gildi ferðaþjónustu sem atvinnugreinar í sveitafélaginu.

Snemma árs 2020 var Vestfjarðastofa fengin til að vinna Ferðamálastefnu Vesturbyggðar. Starfshópur með Ferðamálafulltrúa Vesturbyggðar var settur saman en vegna Covid voru fjarfundabúnaður mikið nýttur. Hópurinn náði þó að hittast í byrjun júní þar sem farið var yfir áherslur og nokkur verkefni sett fyrir hópinn.

Einnig voru haldnir opnir fundir á saman tíma, 8. og 9. júní á Patreksfirði og Bíldudal fyrir ferðaþjóna og aðra áhugasama.

Við vinnu að ferðamálastefnunni var horft til Áfangastaðaáætlun Vestfjarða (2018), vinnu við endurnýjun Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða og Innviðagreiningu Vesturbyggðar (2019).

Starfshópur vegna Ferðamálastefnu Vesturbyggðar er skipaður:

Friðbjörg Matthíasdóttir
Gunnþórunn Bender
Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir

2. Stöðugreining

2.1. Staða ferðapjónustu á svæðinu

Tölur um ferðapjónustu á svæðinu eru fengnar frá gagnagrunni Ferðamálastofu og heimasíðu Vesturbyggðar nema annað sé tekið fram.

2.1.1. Ferðaskrifstofur og ferðasalar dagsferða 2022

Í Vesturbyggð eru skráð ein ferðapjónusta og sex ferðasalar dagsferða.

2.1.2. Gistipjónusta

Skráð gisting hjá Ferðamálastofu september 2021.




*tvö tjaldsvæði eru rekin af sveitafélaginu.

*20 auglýsingar á airbnb.com frá aðilum í Vesturbyggð, 1. apríl 2022.

2.1.2.1. Gistinætur

Árið 2020 voru 41.183 gistinætur skráðar í Vesturbyggð, miðað við 58.791 gistinætur árið 2019, sem er samdráttur upp á 70% en það má skrifa hann á Covid 19 faraldurinn. Gistinótt er hver nótt sem ferðamaður gistir í Vesturbyggð, einstaklingur sem gistir tvær nætur samsvarar því tveim gistinóttum, hjón sem gista í tvær nætur eru því fjórar gistinætur o.s.frv. (Hagstofan, tölvupóstur).

Á mynd 2 sem sýna árin 2018, 2019 og 2020 eftir mánuðum, sést vel að tímabilið toppar í júlí.



Mynd 2 - Gistinætur 2018-2020 Vesturbyggð.


Á Vestfjörðum í heild voru 151.965 gistinætur árið 2020 (Hagstofan, 2020b).

2.1.2.2. Gestakoma

Árið 2020 voru 28.094 gestakomur skráðar í Vesturbyggð og árið 2019 voru 40.949 gestakomur, mynd 3. Samdrátturinn er því 35% gestakomur árið 2019 (Hagstofan, tölvupóstur).

Hver gestakoma skapaði 1,5 gistinætur árið 2020 miðað við 1,4 árið áður.

Gestakomur fyrir Vestfirði í heild voru 139.960. Á Vestfjörðum í heild þá skapaði hver gestakoma 1,5 gistinætur árið 96.876 (Hagstofan, 2020b).



Mynd 3 - Gestkomur 2018-2020 Vesturbyggð.

2.1.3. Veitingaþjónusta

Undir flokknum um veitingahús og kaffihús eru tíu aðilar í Vesturbyggð skráðir hjá Ferðamálastofu. Opnunartími þeirra er misjafn og loka einhverjir þeirra yfir vetrartímamann.

2.1.4. Matvara

Tvær matvöruverslanir eru á Patreksfirði og ein á Bíldudal. Þrjú býli eru skráð á Beint frá býli.

2.1.5. Upplýsingamiðstöðvar

Upplýsingamiðstöð er á Patreksfirði, opið er daglega í júní, júlí og ágúst. Það er ferðaþjónustufyrirtækið Westfjords Adventures sem rekur upplýsingamiðstöðina fyrir Vesturbyggð.

Einnig eru starfandi upplýsingamiðstöðvar í Skrímslasetrinu á Bíldudal og að Minjasafninu á Hnjóti.

2.1.6. Dægradvöl og upplifun

Afþreying

Ýmis afþreying er í boði í Vesturbyggð, sjö aðilar eru skráðir með einhverskonar afþreyingu hjá Ferðamálastofu. Um er að ræða bátaferðir, dagsferðir, fuglaskoðun, gönguferðir, hjólaferðir, hvalaskoðun, jeppaferðir, kajakferðir, stang- og sjóstangveiði og vetrarafþreyingu.

Söfn og sýningar

Níu rekstraraðilar eru skráðir undir söfn og sýningar í Vesturbyggð.

Íþróttamiðstöðvar, sundstaðir og heitar laugar

Tvær íþróttamiðstöðvar eru í Vesturbyggð, Brattahlíð á Patreksfirði og Bylta á Bíldudal. Í íþróttamiðstöðinni á Patreksfirði er sundlaug, en einnig eru tvær sundlaugar á Barðaströnd sem eru opnar á sumrin; við Flókalund og á Birkimel.

Heitar náttúrulegar er einnig að finna í sveitafélaginu. Hellulaug við Flókalund, og steinsteypt laug í Reykjafirði í Arnarfirði en þar er einnig að finna litla náttúrulega laug. Við sundlaugina á Birkimel á Barðaströnd er líka lítil hlaðin náttúrulega.

Golfvellir

Tveir golfvellir eru í Vesturbyggð. Að Hóli við Bíldudal og í Vestur-botni í Patreksfirði fyrir innan þorpið. Báðir eru níu holu vellir.

Viðburðir

Margir viðburðir eru haldnir í sveitafélaginu en þeir helstu eru;

- Skjaldborg um hvítasunnuhelgi
- Sjómannadagur á sjómannadag
- Bíldudals Grænar eru annað hvert ár og síðustu helgina í júní
- Listahátíð Samúels í Selárdal
- Blúshátíð milli fjalls og fjöru sem er á haustin

2.1.7. Almenningsamgöngur

Áætlunarbifreiðir aka milli byggðakjarna í Vesturbyggð og í Tálknafirði. Flugrúta ekur til og frá Bíldudalsflugvelli í tengslum við öll áætlunarflug úr öllum kjörnunum þremur. Yfir sumarið er einnig í boði áætlunarferðir milli Ísafjarða og Patreksfjarðar þar sem farið er um Flókalund og Brjánslæk og hins vegar Brjánslæk, Patreksfjörð, Látrabjarg, Rauðasand sem endar aftur á Brjánslæk. Í seinni ferðina þarf að pantast fyrirfram. eru báðar þessar leiðir eknar frá 1. júní til 31. ágúst.


Ásamt áætlunarleiðum, eru rútur í Vesturbyggð til leigu með bílstjóra í sérverkefni eða fyrirfram áætlaðar ferðir til afþreyingar. Miðað við Áfangastaðaáætlun Vestfjarða árið 2018 voru á sunnanverðum Vestfjörðum, þrjár verktakar eða fyrirtæki með bíla sem taka fleiri en 15 manns og sá stærsti, 59 manna.

2.1.8. Vegir og vegslóðar

Samkvæmt Vegagerðinni skiptast vegir á Íslandi niður í stofnvegi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi. Innan Vesturbyggðar eru allar tegundir vega, mynd 4.

Stofnvegur er frá Flókalundi að Patreksfirði, yfir á Bíldudal og þaðan Bíldudalsveg upp að Dynjandisheiði úr Trostanfirði. Einnig frá Flókalundi upp á Dynjandisheiðina í tengingu við Ísafjarðabæ.

Innan Vesturbyggðar er stofnvegurinn að mestu á bundnu slitlagi nema á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi. Tengivegur er utan þéttbýlis og tengja landsvegi við stofnvegi. Smá kafli inn í Patreksfirði er á bundnu slitlagi en annars eru tengivegir malarvegir. Landsvegir og héraðsvegir eru einnig allir malarvegir. Héraðsvegir liggja að býlum, kirkjustöðum og opinberum stofnunum og skólum utan þéttbýlis en t.d. er vegurinn yfir á Rauðasand skilgreindur héraðsvegur.




Mynd 4 - Flokkun þjóðvega. Mynd: Vegagerðin.

Mikið er af vegslóðum sem ekki eru á skrá, bæði nýttir sem gönguleiðir og til einkanota fyrir eigendur jarða.

2.1.8.1. Vetrarþjónusta

Samkvæmt Vegagerðinni er vetrarþjónusta fyrir Vesturbyggð 2021 eins og sýnt er á mynd 5.



Mynd 5 - Vetrarþjónusta 2021 Vesturbyggð.

Mokað er alla daga á milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals frá kl. 07:30-20:00.

Einnig hefur Dynjandisheiði verður mokað 5 daga vikunnar að vetur eftir að Dýrafjarðargöng opnuðu (Vegagerðin, 2022b).

2.1.8.2. Talning á áfangastöðum

Á vegum Rögnvaldar Ólafssonar og Gyðu Þórhallsdóttur hafa verið taldar fjöldi bifreiða á hinum ýmsu áfangastöðum ferðamanna. Hafa þau talið síðustu ár á Látrabjargi og Rauðasandi.

Í nýjstu gögnum sem fengin voru frá Rögnvaldi eru tölur til 1. október 2020. Talinn er hver bíll sem fer fram hjá mælinum og þar sem um ræðir staði þar sem keyrt er til fram og til baka eru gögnin sett fram eftir að hafa deilt með tveimur til að fá nákvæmari fjölda bifreiða sem koma á áfangastaðinn.

Í gögnum frá Rögnvaldi kemur fram að heildarfjöldi bifreiða sem heimsóttu Látrabjarg árið 2018 voru 18.080 og 18.170 árið 2019. Á mynd 7 er farið yfir heildarfjölda bifreiða á tímabili. Tímabilin eru eftir ISO 8603 stöðluðum vikum, sjá mynd 6.

Heildarfjöldi bifreiða á tímabili - Látrabjarg

	2018	2019	2020
Síðla vetrar	270	194	80
Vetralok	2.285	2.148	464
Vor	4.620	4.720	1.920
Háönn	5.775	6.570	4.967
Haust	3.856	3.382	1.998
Framan af vetri	1.066	998	
Hávetur	208	158	
Samtals	18.080	18.170	
Breyting		0%	

Mynd 7 - Heildarfjöldi bifreiða 2018-2020, Látrabjarg.

Heildarfjöldi bifreiða á tímabili - Rauðasandur

	2018	2019	2020
Síðla vetrar	394	402	173
Vetralok	1.299	1.519	520
Vor	2.849	3.357	2.131
Háönn	4.495	5.871	5.218
Haust	3.253	2.914	2.017
Framan af vetri	971	1.049	
Hávetur	449	383	
Samtals	13.709	15.496	
Breyting		13%	

Mynd 8 - Heildarfjöldi bifreiða 2018-2020, Rauðasandur.

Tímabil í Iso vikum	
Tímabil	vikur
Síðla vetrar	8-15
Vetralok	16-22
Vor	23-27
Háönn	28-32
Haust	33-37
Framan af vetri	38-43
Hávetur	44-7

Mynd 6 - ISO 8603 staðlaðar vikur

Á mynd 8 er farið yfir fjölda bifreiða sem fóru á Rauðasand en þar var heildarfjöldi 13.709 bifreiðar árið 2018 og 15.496 fyrir árið 2019 sem er 13% aukning.

Samstarfsverkefni Ferðamálastofu og Umhverfisstofnunar

Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun hafa ráðist í samstarfsverkefni að fjölga áfangastöðum ferðamanna sem talið er á. Ætlað er að nýta gögnin sem verða til til þess að meta álag ferðamanna á náttúru og innviða, ásamt því að meta dreifingu ferðamanna í rauntíma.

Áður en verkefnið hófst var talið á sex áfangastöðum á vegum þeirra en þegar því lýkur á vormánuðum 2021 verður talið á 24 áfangastöðum.

Fyrsta áfanga verkefnisins lauk um miðjan október 2020 en Látrabjarg er inn í þriðja áfanga sem áætlað var að lyki 2021.


Öll gögnin sem teljararnir safna uppfærast daglega í Mælaborði ferðaþjónustunnar og er því hægt að fylgjast með umferð ferðamanna á áfangastöðum með mun nákvæmari hætti en hingað til (Ferðamálastofa, 2020).

2.1.9. Útivistar og gönguleiðir

Margar fallegar gönguleiðir eru í Vesturbyggð hvort sem er í dreif-, eða þéttbýli. Gönguleiðirnar eru misjafnar, sumar eru auðveldar eftir gömlum vegslóðum og aðrar erfiðar. Eitthvað af þessum leiðum er til á kortum, aðrar ekki. Ráðist var í nýtt verkefni hjá Vestfjarðastofu árið 2021 sem sneri að kortlagningu og merkingu gönguleiða á Vestfjörðum.

2.1.10. Áningarstaðir Vegagerðarinnar og bílastæði

Vegagerðin býður ferðafólki upp á að njóta náttúru á áningarstöðum víðsvegar um þjóðvegi landsins. Í Vesturbyggð eru nokkrir staðir sem boðið er upp á útskot með upplýsingaskiltum og/eða borðum.



Mynd 9 - Áningarstaðir Vegagerðin. Upplýsingar fengnar úr vefsíðu Vegagerðarinnar.

Mynd 9, með upplýsingum úr vefsíðu Vegagerðarinnar, sýnir hvar þeir staðir eru. Þessir staðir eru skapaðir til að ferðamaðurinn geti staldrað við og skoðað áhugaverða staði á þægilegri og öruggri aðstöðu. Á sumum þessum stöðum eru söguskilti og oft á tíðum eru þessir staðir staðsettir við góð útivistarsvæði þar sem bæði ferðamaðurinn og heimamaðurinn nýtur náttúrunnar.

2.1.11. Bílaleigur, bifreiðaverkstæði, bensínstöðvar og hleðslustöðvar

Tvö útibú bílaleiga eru í Vesturbyggð, eitt á Patreksfirði og eitt á Bíldudalsflugvelli.

Tvö bifreiðaverkstæði eru starfrækt á Patreksfirði. Þrjár sjálfsafgreiðslubensínstöðvar eru í Vesturbyggð, á Patreksfirði, Bíldudal og í Flókalundi

Hleðslustöðvar fyrir rafbíla eru á Patreksfirði og Flókalundi og sumarið 2022 stendur til að fjölga hleðslustöðvum, m.a. verða tvær settar upp á Bíldudal og þeim fjölgað á Patreksfirði.


2.1.12. Flug og flugvöllir

Einn flugvöllur er í Vesturbyggð, Bíldudalsflugvöllur. Flugvöllur var í Patreksfirði til marga ára en áætlunarflug lagðist þar af árið 2001 og var flugvöllurinn afskráður árið 2011 (Arnþór Gunnarsson, 2018).

Beint áætlunarflug er í dag 6 daga vikunnar frá Bíldudalsflugvelli til Reykjavíkur með Norlandair. Flugvöllurinn er staðsettur um fimm kílómetrum suðaustur af Bíldudal, við Arnarfjörð.

Árið 2019 fóru 2.983 farþegar um völlinn sem var um 1% fækkun frá árinu 2018 (Isavia, tölvupóstur).

Á mynd 10 sést þróun í fjölda farþega um Bíldudalsflugvöll frá árinu 2010.



Mynd 10 - Þróun farþega 2010-2019 - Bíldudalsflugvöllur.

2.1.13. Hafnir og bátastaða

Fjórar hafnir eru í Vesturbyggð, á Patreksfirði, Bíldudal. Brjánslæk og Örlygshöfn.

- Höfnin Patreksfirði, flokkur III, bátahöfn
- Höfnin Bíldudal, flokkur II, meðalstór fiskihöfn, í grunnneti
- Höfnin Brjánslæk, flokkur IV, smábátahöfn, í grunnneti
- Höfnin Örlygshöfn

(vitaroghafnir.vegagerdin.is, e.d)

Ferjan Baldur siglir allan ársins hring yfir Breiðafjörð frá Stykkishólmi á Snæfellsnesi í Brjánslæk á Barðaströnd. Ferjan kemur líka við í Flatey en fyrirtækið Sæferðir annast siglingarnar. Samkvæmt Innviðagreiningu Vesturbyggðar (2019) byggir vetraráætlunin á einni ferð á dag, fjóra daga vikunnar og tveimur ferðum á dag tvo daga vikunnar. Yfir sumartímann eru fleiri ferðir í boði þar sem ferðamenn stoppa á milli ferða í Flatey.

2.1.14. Landbúnaður, veiðar og náttúrunytjar

Eins og annars staðar á Vestfjörðum eru gjöful fiskimið ein af ástæðum þess að sjávarútvegurinn hefur verið og er enn talin meginstoð atvinnulífs á svæðinu. Fiskeldi hefur aukist mikið síðustu ár og gerir eitt stærsta fiskeldisfyrirtæki Íslands út frá Bíldudal.

Síðustu ár hefur landbúnaður verið á undanhaldi á Vestfjörðum þar á meðal í Vesturbyggð. Bændum á Vestfjörðum hefur fækkað umtalsvert meðal annars vegna framleiðslustýringar, en þó er landbúnaður enn þá hluti af undirstoðum atvinnulífs í Vesturbyggð. Landbúnaður hefur líka verið að breytast síðustu

áratugi á Íslandi og hafa ýmsar ólíkar greinar þróast í átt að landbúnaði og tilheyra honum núna. Má þar til dæmis nefna skógrækt sem finna má í Vesturbyggð.

Í Innviðagreiningu Vesturbyggðar (2019) þar sem vitnað er í skýrslu RHA kemur fram að í Vesturbyggð eru sjö bú með nautgripum og 21 sauðfjárbú.

2.1.15. Þjóðgarður, friðlýst svæði og minjar

Tvö friðlönd eru innan Vesturbyggðar, Vatnsfjörður og er hann í umsjón Umhverfisstofnunar og Látrabjarg sem friðlýst var 2. mars 2021.

Surtabrandsgil telst til náttúruvætta, en önnur friðuð svæði inn Vesturbyggðar er Breiðafjörður þar sem að A- og V- Barðastrandasýsla liggur að og eru eyjar og fjörur verndaðar.

Stefnt hefur verið að því að stofna þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem tengd verða saman mörg verndarsvæði í eitt stórt friðlýst svæði vegna náttúru-, sögu og menningarverðmæta. Má þar nefna Surtarbrandsgil, friðlandið í Vatnsfirði og Dynjanda. Gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn muni draga til sín aukinn fjölda ferðamanna inn á sunnanverða Vestfirði. Þá verði með stofnun þjóðgarðarins byggðar upp gestastofur og fræðslumiðstöðvar sem muni geta veitt betri upplýsingar og fræðslu um svæðið en við höfum í dag. Einnig muni þar fara fram frekari innviðauppbýgging m.a. stígagerð, merkingar, hjólréiðastígar og fleira sem aukið getur afþreyingarmöguleika ferðamanna innan þjóðgarðsins. Mun sú innviðauppbýgging bæði nýtast íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum sem og þeim gestum sem koma inn á svæðið. Þá liggja einnig aukin tækifæri við stofnun þjóðgarðsins til að skapa fleiri heilsársstörf hjá Umhverfisstofnun á sunnanverðum Vestfjörðum.

Minjar

Mikið er um minjar og aðrar fornleifar á svæðinu, en 15 friðlýstar fornleifar eru í Vesturbyggð. Einnig eru aðrar náttúruminjar, níu talsins sem tilheyra Vesturbyggð. Má þar nefna Seljargil í Vaðalsdal, Bæjarvaðall á Rauðasandi og Ketildalir í Arnarfirði (Minjastofnun, 1990).

2.1.16. Menntun og rannsóknir

Í Vesturbyggð eru tveir leikskólar, tveir grunnskólar, framhaldsdeild frá Fjölbrautarskóla Snæfellinga og tónlistarskóli.

Náttúrustofa Vestfjarða er alhliða rannsóknar- og þjónustustofnun í náttúrufræðum á Vestfjörðum. Náttúrustofan er með nokkrar starfstöðvar á Vestfjörðum, þar á meðal á Patreksfirði. Verkefni Náttúrustofu Vestfjarða eru öflun upplýsinga um náttúru Vestfjarða og gera þær aðgengilegar þeim sem þurfa á þeim að halda (Náttúrustofa Vestfjarða, e.d.).

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er með útibú á Patreksfirði. Henni er ætlað að auðvelda íbúum á Vestfjörðum símenntun og þátttöku í námi af ýmsu tagi, svo sem styttri almenn námskeið, endurmenntunarnámskeið og starfstengd námskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum atvinnulífsins og vinnandi fólki (Fræðslumiðstöð Vestfjarða, e.d.)

2.1.17. Umhverfis og sorpmál

Eins og önnur sveitafélög á Vestfjörðum þá er Vesturbyggð með umhverfisvottunina EarthCheck. EarthCheck eru alþjóðleg samtök sem hafa höfuðstöðvar í Ástralíu en samtökin eru þróuð af fyrirtæki sem er í eigu ástralskrar ferðaþjónustu, ríkis og háskóla. EarthCheck eru einu samtökin sem umhverfisvotta starfsemi sveitarfélaga. Ýmsir þættir skoðaðir eins og innkaup sveitarfélaga, orkunotkun og nýting, vatnsnotkun og nýting, sorpförgun og endurvinnsla ásamt ýmsum öðrum þáttum (Vestfjarðastofa, e.d.).

2.1.18. Öryggismál

Vesturbyggð heyrir undir heilbrigðisumdæmis sem nær um sunnan og norðanverða Vestfirði. Í innviðagreiningu Vesturbyggðar(2019) kemur fram að bæði er sjúkrahús og heilsugæsla á Patreksfirði. Viðvera sérfræðinga sé mismunandi og auglýst hverju sinni. Heilsugæslusel er stafrækt á Bíldudal.

Vesturbyggð heyrir undir umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum. Lögreglustöð er á Patreksfirði og starfa þar fimm lögreglumenn.

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum er með aðalskrifstofu á Patreksfirði en sýslumaðurinn sjálfur er staðsettur á Ísafirði.

Samkvæmt heimasíðu Vesturbyggðar er slökkviliðið í Vesturbyggð annars vegar á Patreksfirði og hins vegar á Bíldudal. Skráðir eru 17 slökkviliðsmenn á Patreksfirði og 11 á Bíldudal. Þrír bílar eru á Patreksfirði og einn á Bíldudal.


Fjórar björgunar- og hjálparveitir starfa í Vesturbyggð.

Landvarsla kemur frá Umhverfisstofnun. Á Patreksfirði er einn starfsmaður og tilheyrir teymi náttúruverndar norður. Megin verkefni hans eru umsjón og rekstur friðlýstra svæða á sunnanverðum Vestfjörðum ásamt stjórnslu náttúruverndarmála. Á sumrin bætast landverðir í hópinn sem starfa úti á svæðunum (Umhverfisstofnun, e.d-a.).


2.2. Markaðsgreining

2.2.1. Þjóðerni

Ekki ertu til tölur um þjóðerni ferðamanna sem gista í Vesturbyggð. Mynd 11 og 12 sýna hins vegar tölur sem komast næst því, en hjá Hagstofu eru tölur yfir þjóðerni ferðamanna fyrir Vestfirði að undanskildum Ísafjarðarbæ. Inn í þeim tölum eru því einnig önnur sveitafélög á Vestfjörðum greind út frá gistingu og gestakomum. Miðað við þær þá eru helstu gestir þessa svæðis frá Bandaríkjunum, Þýskalandi og Bretlandi (Hagstofan 2022b).



Mynd 12 - Þjóðerni gesta - Gistinætur 2018-2020.



Mynd 11 - Þjóðerni gesta - gestakomur 2018-2020.

2.2.2. Markhópur og áhugasvið hans

Markhópagreining Vestfjarða er sett fram í Áfangastaðaáætlun Vestfjarða, en sú greining byggir á markhópagreiningu Íslandsstofu (2017). Íslandsstofa hefur greint hvaða markhópar eru ákjósanlegir fyrir íslenska ferðaþjónustu en þeir eru Lífs glaði heimsborgarinn (e. The Fun-loving Globetrotter),

Sjálfstæði landkönnuðurinn (e. The Independent Explorer) og Makindalegi menningarvitinn (e. The Cultural Comfort Seeker).

Lífsglaði heimsborgarinn er 36% af þeim virkum ferðamönnum sem ferðast erlendis frá markaðssvæðunum sem skoðuð voru. Sjálfstæði landkönnuðurinn er 17% og Makindalegi menningarvitinn er einnig 17%. Aðrir falla ekki í þessa forgangshópa og mæta ekki okkar þörfum.

Markhóparnir hafa verið greindir út frá lífsháttum, persónugerð og hvernig þeir mæta þörfum og markmiðum íslenskrar ferðaþjónustu. Í grunninn eru þetta ferðamenn með hærri tekjur, ferðast oft, leita stöðugt eftir nýjum upplifunum og áfangastöðum, vilja tengjast menningu og heimafólki og bera virðingu fyrir umhverfinu sem þeir fara um. Þó er margt ólíkt milli þessara hópa sem einkennir þær upplifanir sem hóparnir sækjast eftir og lífshætti þeirra.


Hér er farið ýtarlega í marhópagreiningu Íslandsstofu út frá þessum hópum.

Lífsglaði heimsborgarinn: (grænn litur)

Úthverfur, skapandi og opinn fyrir nýjungum og félagsskap. Forvitinn að eðlisfari og vill ögra sjálfum sér með því að upplifa framandi náttúru og menningu, en þó án þess að setja sig í óþarfa hættu.

Hann vill sjá hvernig fólk á ólíkum stöðum hagar lífi sínu og gefur sér tíma til að upplifa og skynja.

- Ferðast utan sumarmánaða
- Virkur ferðalangur
- Líklegur til að koma aftur
- Er umhugað um náttúru og náttúruvernd
- Tilbúin/n að borga fyrir gæði, þjónustu og vörur
- Varkár að eðlisfari og sækist í leiðsögn og gæðavottanir
- Er viljug/ur til að ferðast lengra og heimsækja smærri samfélög




Mynd 13 - Lykilorð lífsglaða heimsborgarans.

Sjálfstæði landkönnuðurinn: (blár litur)

Eiginleikar sjálfstæða landkönnuðarins er að hann vill ekki hefðbundið frí eða vera heftur í of skipulagðri dagskrá, sækist heldur í það sem er framandi og nýtt.

Kýs að ferðast í fámennum hópi þar sem ekta íslensk upplifun skiptir miklu máli. Sækist eftir að læra um menningu og sögu áfangastaðarins og ferðast með umhverfisvænum hætti.

- Er viljug/ur til að ferðast lengra og heimsækja smærri samfélög
- Ferðast utan sumarmánaða
- Virkur ferðalangur
- Líklegur til að koma aftur
- Er umhugað um náttúru og náttúruvernd




Mynd 14 - Lykilorð sjálfstæða landkönnuðarins.

Makindalegi menningarvitinn: (rauður litur)

Ævintýragjarn innan skynsamlegra marka. Ferðast í „núinu“ og sækist eftir að upplifa staðarandann og menninguna frá fyrstu hendi.


Kýs þægindi og þjónustu.

- Virkur ferðalangur
- Sækist í menningu
- Tilbúin/n að borga fyrir gæði, þjónustu og vörur
- Varkár að eðlisfari og fer sér ekki á voða



Mynd 15 - Lykilorð makindalega menningarvitans.

Á mynd 16 má sjá hvaða þætti hver markhópur setur í forgang. Til dæmis ferðast sjálfstæði landkönnuðurinn á óhefðbundnari staði en setur ekki í forgang að fara í hópferðir og vera í kynni við aðra ferðamenn.




Mynd 16 - Hvaða þættir hver markhópur setur í forgang. Mynd Íslandsstofa.

Markhópar íslenskrar ferðabjónustu eru hluti af ört vaxandi hópi ferðamanna sem hægt er að finna á hverju markaðssvæði. Rannsókuð voru sjö markaðssvæði; Bretland, Þýskaland, Sviss, Frakkland, Danmörk, Bandaríkin og Kanada.

Hér er hægt að sjá áætlaðan fjölda og hlutdeild ferðamanna sem tilheyra hverjum markhóp á hverju markaðssvæði.

	Lífsglaði heimsborgarinn	Sjálfstæði landkönnuðurinn	Makindalegi menningarvitinn
	51%	14%	21%
	35%	17%	17%
	35%	17%	18%
	36%	15%	10%
	31%	21%	10%
	30%	14%	18%
	35%	21%	23%



Mynd 17 - Hlutdeild ferðamanna eftir hverjum markhóp. Mynd: Íslandsstofa.

Á mynd 17 má sjá hvernig skipting markhópanna er eftir markaðssvæði. Hin *Sjálfstæði landkönnuður* tilheyrir þeim markaði sem Vestfirðir og Vesturbyggð tengja mest við. Hingað koma náttúruunnendur til að dást að náttúrunni og ferðast um á eigin vegum. Þeir vilja skoða og ferðast um landið og eru tilbúnir að leggja krók á leið sína til að komast á afskekktu staði. Þeir gera sér grein fyrir að ekki sé sami lúxus í boði og á höfuðborgarsvæðinu. Gistingin er kannski ekki fjórar stjórnur en hægt er að fá einstaka upplifun.

Markhóparnir þrír eru reyndar að mörgu leiti líkir og þá má líka finna ákveðin samlegðaráhrif með „Lífsglaða heimsborgaranum“ en megin munurinn er þó á þessum hópum hversu tilbúnir þeir eru í líkamlega örvun. Á Vestfirðina kemur mikið af mjög virku útivistarfólk sem er tilbúið að leggja töluvert á sig til að upplifa stórbrotna náttúru landsins og er útivist stór hluti af lífsstíl þessa hóps (t.d. fjallaskíði eða kajakferðir).

Út frá markhópunum og þjóðerni þeirra sem eru að koma til Vesturbyggðar eru helstu markaðir þýsku- og enskumælandi lönd.

2.3. Ímynd svæðis og aðdráttarafli

Aðdráttarafli og ímynd Vestfjarða hefur ávallt verið tengd einstakri náttúru og markaðssetning byggir mikið á þeim þáttum. Í Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er dregin fram sérstaða sem einnig er sett fram í Stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu og var hún eftirfarandi:

Einstök náttúra, friðsæld og öðruvísi upplifun

- Nálægð við einstaka náttúru: Friðlönd, fossar, fjöll, firðir, hreinleiki og dýralíf
- Einstök friðsæld: Afskekkt, fámenni, rólegheit, víðátta og kyrrð
- Öðruvísi upplifun: Við erum ævintýragjörn, sjálfbær, skapandi, menningarleg og dularfull

Ímynd Vesturbyggðar endurspeglast í ímynd Vestfjarða. Innan Vesturbyggðar eru nokkrir af fjölsóttustu áfangastaðir ferðamanna á Vestfjörðum yfir sumartímann og ber þar helst að nefna Látrabjarg og Rauðasandur. Bæði Látrabjarg og Rauðasandur hafa þó mikla árstíðarsveiflu, sem að miklu leyti takmarkast vegna aðgengi þar sem ekki er um heilsársþjónustu að ræða. Auk þess að heimsækja náttúruperlur eru ferðamenn mikið að heimsækja þéttbýlisstaðina, Patreksfjörð og Bíldudal enda er þar að finna mesta framboðs gistingar sem og annarrar þjónustu.

Almennt er töluverð árstíðarsveifla í ferðaþjónustu á Vestfjörðum og gildir hið sama um Vesturbyggð. Því hefur lenging ferðamannatímabilsins og uppbygging heilsársferðaþjónustu verið aðaláhersla Markaðsstofu Vestfjarða um árabíl. Ýtt er undir heilsársferðaþjónustu með markaðssetningu en einnig með vöruþróun ásamt því að unnið er að lengingu opnunartíma í samstarfi við ferðaþjóna og sveitarfélagið.

2.4. Mat á framlagi ferðapjónustu til svæðisins


Til að fá mat á framlagi ferðapjónustu til svæðisins var greining unnin úr skattagögnum, þannig er hægt að fá yfirlit yfir fjárhagsstöðu ferðapjónustu í Vesturbyggð.

Greiningin byggir á skattframtölum allra lögaðila í Vesturbyggð út frá póstnúmerum sem tengjast ferðapjónustu. Um er að ræða gisti- og veitingaaðilar, farþegaflutningar o.fl. eftir ÍSAT 2008 flokkunarkerfinu, að meðaltali 23 aðili á ári.


Fjárhagsyfirlit							
	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2014-2019
Tekjur	693,878,540 kr	679,746,914 kr	969,804,151 kr	822,153,217 kr	914,853,723 kr	1,030,194,313 kr	48%
Laun	202,137,044 kr	215,789,037 kr	270,542,010 kr	289,161,772 kr	313,578,093 kr	323,763,325 kr	60%
EBITDA	32,042,260 kr	34,129,162 kr	107,673,853 kr	42,452,439 kr	57,111,336 kr	93,790,989 kr	193%
Afkoma	20,023,258 kr	- 5,997,295 kr	64,152,669 kr	- 14,602,240 kr	2,112,862 kr	16,106,455 kr	
Efnahagur							
	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2014-2019
Eignir	387,082,565 kr	370,390,244 kr	739,757,911 kr	802,584,730 kr	730,478,688 kr	840,365,696 kr	117%
Skuldir	392,945,155 kr	384,328,810 kr	652,224,531 kr	717,497,683 kr	702,501,166 kr	780,899,805 kr	99%
Eigið fé	- 5,862,591 kr	- 13,938,565 kr	87,533,380 kr	85,087,048 kr	27,977,523 kr	59,465,892 kr	

Skoðuð voru árin 2014-2019. Tekjuaukning var 48% á tímabilinu og laungreiðslur hækka um 60%.

Eignir hafa rúmlega tvöfaldast á tímabilinu. Á myndum 18 og 19 er farið yfir tölurnar myndrænt.



Mynd 18 - Rekstraryfirlit lögaðila ferðapjónustu. Tölvupóstur Skatturinn.



Mynd 19 - Efnahagur Ferðaþjónustuaðila Vesturbyggð. Tölvupóstur Skatturinn.

2.5. Mat á áhrifum ferðaþjónustu á svæðinu

Til að fá mat á hver áhrif ferðaþjónustu er á svæðinu þarf að skoða vissa flokka út frá neikvæðum eða jákvæðum áhrifum. eru þessir flokkar síðan skoðaðir út frá upplifun heimamanna og ferðamanna sem og ytri umhverfi. Áhrifin eru einnig skoðuð út frá efnahagslegum áhrifum sem og umhverfis, samfélags- og menningarlegra áhrifa.

Í töflu 1 er heildarmat á áhrifum ferðaþjónustunnar í Vesturbyggð. Grænt er fyrir jákvætt og rautt er fyrir neikvætt. Hver flokkur er síðan útskýrður í kaflanum.

Tafla 1 - Mat á áhrifum ferðaþjónustu í Vesturbyggð.

Mat á áhrifum ferðaþjónustunnar í Vesturbyggð		
	Ytra umhverfi	Athugasemdir
Fjöldi ferðamanna		
Efnahagslega áhrif		Skoðuð út frá framlagi ferðaþjónustu í Vesturbyggð
Umferð og umferðatölur		
Staðbundin þjónusta og aðstaða		Staðbundin þjónusta á í erfiðleikum þegar kemur að þjónustu utan háannar.
Álag á staði í umhverfinu		Álag á staði telst nokkuð jákvætt. Látrabjarg sker sig úr og er ástand þar rautt. Einnig þarf viss uppbygging innviða á Rauðasandi, samgöngur, stækkun bílastæðis og skiltamál.
Heildaráhrif		Meiri hluti jákvæð áhrif

Því miður eru ekki til sértæk gögn fyrir Vesturbyggð þegar kemur að því að skoða þessa flokka út frá upplifun heimamanna og ferðamanna og það því ekki sett upp í töflu. Ekki hafa verið gerðar sérstakar

rannsóknir þegar kemur að upplifun og væri gott ef að það væri gert í framtíðinni. Hins vegar er upplifun heimamanna og ferðamanna skoðuð að vissu leiti í Áfangastaðaáætlun Vestfjarða fyrir Vestfirði í heild og má áætla út frá þeim gögnum að ekki séu neikvæð áhrif ferðapjónustu í þeim flokkum í Vesturbyggð.

Til að leggja mat á áhrifin út frá ytra umhverfi eru skoðuð gögnin í stöðugreiningunni hér á undan þar sem farið er yfir hver staðbundin þjónusta er, fjölda ferðamanna út frá gistingu í kafla 2.1.2, umferð á helstu segla í kafla 2.1.8.2 og efnahagsleg áhrif í kafla 2.4.

Mikilvægt er síðan að skoða álag á staði í umhverfinu. Umhverfisstofnun heldur utan um ástand náttúruverndasvæða sem eru í þeirra umsjón. Frá árinu 2017 hefur Umhverfisstofnun fylgst sérstaklega með ástandi fjölsótttra áfangastaða og eru nokkrir staðir sem eru í Vesturbyggð.

Álag á áfangastaði hefur aukist og hefur í mörgum tilfellum verið nauðsynlegt til dæmis fyrir Umhverfisstofnun að fara út í mikla innviðauppbýggingu til verndar viðkvæmri náttúru. Álag á staði teljast þó til jákvæðra áhrifa þó Látrabjarg skeri sig úr. Hér á eftir er farið yfir þá staði sem Umhverfisstofnun sér um sem og Rauðasand, Látrabjarg og fjörur og strendur við Breiðafjörð.

Til að fylgjast með ástandi áfangastaðanna var farið í að hanna verkfæri sem gerir Umhverfisstofnum kleift að fylgjast með breytingum á ástandi hvers áfangastaðar fyrir sig og meta hvaða áfangastaðir eru í hættu á að skemmast komi ekki til framkvæmda eða skipulagsbreytinga. Verkfærið byggir á 27 viðföngum sem metin eru út frá einkunn. Áhersla er lögð á að verkfærið leggi hlutlægt mat á verndarsvæði, sé samanburðarhæft milli svæða og gefi til kynna hvort ástand svæða fari batnandi eða versnandi milli ára. Þrjú meginþættir eru metnir, skipulag, innviðir og verðmæti (Umhverfisstofnun, e.d.-b.).

Allir staðir sem eru með 8 eða hærra í einkunn teljast grænir áfangastaðir og standast vel það álag sem á þeim er, en innan Vesturbyggðar eru það Surtarbrandsgil og innan Vatnsfjarðar, Hörgnes og Vatnsdalur, tafla 2.

Í skýrslu Umhverfisstofnunar, Ástand friðlýstra svæða 2019, er farið yfir einkunnir hvers svæðis, farið yfir breytingar á milli ára og lagðar fram úrbætur.

Tafla 2 - Ástand friðlýstra svæða 2019 í Vesturbyggð. Umhverfisstofnun.

Vesturbyggð	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Surtarbrandsgil	9,17	10	10	9,83
Vatnsfjörður, Flókalundur	7,08	7,92	6,54	7,03
Vatnsfjörður, Hörgnes	7,92	9,17	8,08	8,34
Vatnsfjörður, Vatnsdalur	7,50	9,05	9,42	8,92
Vatnsfjörður, Þingmannaá	7,29	7,04	7,88	7,53
Látrabjarg*	5,56	4,44	6,33	5,66
Rauðasandur*	6,25	7,22	8,33	7,60

*óbirtar heimildir frá Umhverfisstofnun.

Surtarbrandsgil

Surtarbrandsgil er í landi Brjánslækjar á Barðaströnd og er friðlýst náttúruvætti. Þar má finna steingerðar leifar gróðurs sem klæddu landið á tertíer-tímabilinu. Fram kemur í skýrslu Umhverfisstofnunar að sýning á þeirra vegum um Surtarbrandsgil var opnuð haustið 2016 og er í gamla prestbústaðnum á Brjánslæk sem er utan hins friðlýsta svæðis. Þaðan eru leiddar göngur með landverði á sumrin, fimm sinnum í viku, en óheimilt er að fara upp í gilið nema í fylgd landvarðar. Fram kemur í

skýrslunni að nokkuð fækkaði í göngum eftir að sýningin var opnuð og láta sumir sér nægja að skoða steingervingina á sýningunni. Mikið var um brottnám steingervinga úr gilinu hér á árum áður en með uppbyggingu innviða og fræðslu hefur tekist að koma í veg fyrir það að mestu.

Árið 2018 tók gildi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Í skýrslunni er talað um að mjög góður árangur við verndun Surtarbrandsgils hefur hafi náðst á síðustu áru með opnun sýningar, tilfærslu upphafs gönguleiðar og skipulögðum göngum landvarða í gilið. Álag á gilið hefur verið létt mikið og færri freistast til að ganga án eftirlits í gilið, en árið 2019 var einungis eitt tilvik skráð.

Einu úrbætur sem Umhverfisstofnun setur fram í skýrslunni kemur að upplýsingagjöf en enn finnast rangar upplýsingar í ferðahandbókum varðandi göngur í gilið. Eru höfundar og útgefendur látnir vita jafn óðum vegna hugsanlegra endurútgáfu.

Vatnsfjörður

Vatnsfjörður gengur úr norðanverðum Breiðafirði og er friðlýstur sem friðland. Til eyja, hólma, skerja og fjara Vatnsfjarðar taka líka lög nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar. Um Vatnsfjörð liggur Þjóðvegur 60, Vestfjarðavegur, sem stendur til að lagfæra á komandi árum. Niðurstaða um endanlegt vegstæði í Vatnsfirði liggur ekki fyrir við skrif Ferðamálastefnu Vesturbyggðar en er í ferli.

Innan friðlandsins eru fjórir staðir sem flokka má sem áfangastaði ferðamanna: Flókalundur og umhverfi, Hörgsnes, Vatnsdalur og svæði við Þingmannaá. Í skýrslu Umhverfisstofnunar kemur fram að þrjú aðkomuskilti fyrir friðlandið voru sett upp árið 2019 og að sjálfbóðaliðar og landverðir unnu að því að lagfæra göngustíga innan friðlands.

Vatnsfjörður – Flókalundur

Flókalundur er nokkurs konar þungamiðja fólks í friðlandinu og stoppa margir ferðamenn sem eiga leið um Vatnsfjörð við Hótel Flókalund. Þar er veitingasala, verslun, bensíndæla og tjaldsvæði. Í næsta nágrenni er orlofsbyggð, sundlaug og Hellulaug sem er hlaðin náttúrlaug.

Sumarið 2019 var mikil veðursæld í friðlandinu og fram kemur í skýrslu Umhverfisstofnunar að tilfinning landvarða var að umferð hafi verið meiri en undanfarin ár. Hóтелиð var stækkað á árinu og með því skapaðist aukin hættu við bílastæðið þar sem Þjóðvegur liggur mjög nærri byggingunum en ekkert landrými er til að stækka bílastæðið. Vegagerðin hefur ekki tekið vel í ábendingar um að hámarkshraði verði tekinn niður við hótelið en skilti um leiðbeinandi hraða eru til staðar. Sett var upp varúðar- og upplýsingaskilti við Hellulaug sumarið 2019.

Fram kemur að Umhverfisstofnun er að vinna að hönnun og prentun á upplýsingaskilti um friðlandið.

Vatnsfjörður – Hörgsnes

Hörgsnes er á mörkum friðlandsins austan megin fjarðar. Þar eru merkilegar jarðminjar, mikil gróðursæld, stórt bílastæði (rétt utan friðlandsmarkna) og stikuð gönguleið sem leiðir að Gíslahelli. Fagurt útsýni er þaðan yfir Breiðafjörð og má sjá m.a. fálka og erni á flugi. Skilti um bann við drónaflugi var sett upp á Hörgsnesi sumarið 2019. Samkvæmt Umhverfisstofnun unnu sjálfbóðaliðar og landverðir að smávægilegum endurbótum á stikuðum stíg. Um úrbætur á svæðinu talar Umhverfisstofnun um að gott væri að setja áningarborð á bílastæðið og ítarlegt upplýsingaskilti auk smáskilta við athyglisverða staði á nesinu svo sem klettinn Hörg og við Gíslahelli. Huga þarf að áframhaldandi endurbótum á gönguleið um nesið, dreina stíg lítillaga og skipta út við í gömlum trétröppum eftir þörfum.

Vatnsfjörður- Vatnsdalur

Vatnsdalur gengur inn úr Vatnsfirði, akvegur í dalbotni er einungis fær fjórhjóladrifnum bílum. Vegurinn er ekki þjónustaður af Vegagerðinni, en talað er um í skýrslu Umhverfisstofnunar að árlega loki landverðir honum í leysingum á vorin svo hann verði ekki fyrir skemmdum af völdum aksturs. Í Vatnsdal er lítið um innviði utan nokkurra áningarborða og stikaðra gönguleiða að Smalahellu og í kringum Vatnsdalsvatn sem lagfærðar eru árlega. Einnig eru nokkur skilti og tákmyndir til staðar.

Um úrbætur talar Umhverfisstofnun um að koma þurfi fyrir varanlegum merkingum við Smalahellu og nokkuð sé um akstur utan vega á malareyrum við Vatnsdalsvatn og í dalbotninum. Þar þarf að koma fyrir varanlegum lokunum og áberandi skiltum. Eins þarf að viðhafa eftirlit á rjúpnaveiðitímabilinu.

Vatnsfjörður – Þingmannaá

Þingmannaá rennur til sjávar í Vatnsfirði austanverðum. Nálægt ósum hennar er upphaf gömlu akleiðarinnar yfir Þingmannaheiði sem er skreytt ágætlega heillegri vörðuröð þó sumar séu illa farnar. Vegurinn hefur verið aflagður og er einungis fær mjög vel útbúnum bílum. Samkvæmt Umhverfisstofnun loka landverðir honum í leysingum á vorin svo hann verði ekki fyrir skemmdum af völdum aksturs. Í Þingmannaá eru fallegir fossar og gljúfur og á svæðinu er upphaf nokkurra stikaðra gönguleiða að finna. Friðlýstar fornminjar, smiðju Gests Oddleifssonar, er að finna á svæðinu.

Í skýrslunni segir að það þarf að stækka útskot eða útbúa bílastæði við Þjóðveg og fjölga áningaborðum. Setja þarf upp varanleg skilti við Nafnlausa foss, í Reynilundi, við vörður og smiðjutóft. Hanna þarf og lagfæra gönguleið sem liggur við gljúfur og loka betur af stöðum þar sem skriðuhætta er.

Önnur svæði

Látrabjarg og nágrenni

Á Látrabjargi er að finna ein mestu fuglabjörg við Norður-Atlantshaf og vestasti oddi Íslands og Evrópu, ef Asóreyjar eru undanskildar. Látrabjarg er líka einn af vinsælustu ferðamannastöðum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Látrabjarg var friðlýst 2. mars 2021. Svæðið fór fyrst inn á náttúruverndaráætlun 2004-2008 þar sem samþykkt var ályktun um að Látrabjarg og nágrenni yrði friðlýst sem búsvæði fugla.

Fram kom í skýrslu landvarðar Umhverfisstofnunar fyrir Látrabjarg frá árinu 2017 að ástæða þess að strandað hefur á því að Látrabjarg og nágrenni fari í friðlýsingu sé sú að svæðið sé í eigu fjölmargra aðila sem ekki eru sammála um hvernig standa beri að því að vernda náttúru á svæðinu (Umhverfisstofnun, 2017). Umhverfisstofnun hafði á þeim tíma lágmarkseftirlit á svæðinu. Samkvæmt þeirri skýrslu er svæðið ekki í góðu standi. Fram kom að þó svo að þorri ferðamanna gangi um bjargið og náttúruna af virðingu hefur svæðið látið verulega á sjá, þar sem mestur ágangur ferðamanna er. Mikilvægt sé að vernda svæðið og stýra aðkomu og álagi vegna ferðamanna.

Í óbirtum heimildum frá Umhverfisstofnun um ástandsmat Látrabjargs kemur fram að virkileg þörf er fyrir stefnu og markmið þar sem engin er til staðar í dag, og friðlýsing sé mikilvæg. Skiltum um umgengisreglur er ábótavant, en jafnframt þarf að fjölga vikum þar sem landverðir eru við störf. Bílastæði annar ekki fjölda ferðamanna á háanna og lagfæring göngustíga er þörf. Salernisaðstöðu er ábótavant en Umhverfisstofnun endurnýjaði á árinu 2021 salerni við Brunna á leið út á Látrabjarg. Útsýnisstaðir eru ekki hannaðir og hafa verið sjálfsprotnir með viðeigandi raski. Látrabjarg fékk 5.66 í heildareinkunn í ástandsmatinu fyrir árið 2019.

Rauðasandur

Umferð yfir á Rauðasand hefur aukist í takt við fjölda ferðamanna en samgöngur að Rauðasandi getur verið erfiðar, sjá umferðatölur kafli 2.1.8.2. Vegurinn að Rauðasandi er brattur, þröngur, malarvegur og mætingar á honum geta verið erfiðar. Enginn vetrarþjónusta er á Rauðasandsvegi og einungis opnað að beiðni sveitarfélagsins þegar mjólkurbílinn kemst ekki yfir, með svokölluðum helmingamokstri (Vegagerðin, 2020a). Á Rauðasandi eru þrír bæir með fasta búsetu, á Melanesi, Stökkum og Lambavatni.

Bæjarvaðall er stórt sjávarlón austast á sandinum sem er á náttúruminjaskrá nr. 306 en til náttúruminjaskrár teljast fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rifi og Melanesrifi. Þar segir að þarna séu viðáttumiklar rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi (Umhverfisstofnun, e.d.-c).

Nokkur uppbygging hefur orðið á tjaldsvæðinu við Melanes, þar sem aðgangur er að salernum fyrir gesti og aðra sem eiga leið sína niður á sandinn. Þó er orðin þörf á að stækka bílastæði þar sem stæðið annar ekki fjölda þeirra sem koma. Hægt er að komast niður á sand frá þremur stöðum, og flestir fara hjá Melanesi en frá Lambavatni þarf að ganga um 1 km en það þarf að vaða stuttan spöl á leiðinni og kemur fyrir að fólk snúi við. Merkingar á Rauðasandi eru afar takmarkaðar og ekki nægjanlega upplýsandi og sér í lagi er þörf að stýra álagi, tryggja öryggi með upplýsingaflæði, vernda dýralíf og kom í veg fyrir skemmdir á náttúru. Þau fáu skilti sem eru á svæðinu hafa ýmist verið sett upp af landeigendum sjálfum eða vegagerðinni og þarfnast verulegrar endurnýjunar.

Vesturbyggð hefur sótt um styrk vegna upplýsingarskilta fyrir Rauðasand. Markmiðið með verkefninu er að bæta merkinga- og skiltamál á Rauðasandi, kynna svæðið betur fyrir ferðmönnum með upplýsingum um náttúru og öryggi, merkja leiðir og stýra álagi. Á skiltunum eiga að koma fram upplýsingar um náttúru, friðlönd, fuglavörp, hvað ber að varast við ferðir niður á sandinn, dýralíf, sögu, leiðbeiningar um umgengni, gönguleiðir og þjónustu. Við hönnun og uppsetningu skilta verður tekið mið af handbók um merkingar á ferðmannastöðum og friðlöndum.

Eitt kaffihús er opið yfir sumartímann, Franska kaffihúsið.

Ekki er til þolmarkarannsókn fyrir Rauðasand en mikilvægt væri að skoða þolmörk samgangna og dýralífs við sandinn.

Streundur og fjörur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar

Breiðafjörður er annar stærsti fjörður landsins. Eyjur og sker á firðinum telja á þúsundum og ströndin er vogskorin sem leiðir af sér að strandlengja hans er um fjórðungur allra stranda landsins. Svæðið er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er verndað með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Lögin taka til allra eyja, hólma og skerja ásamt fjörum innan línu sem markast af Ytranesi á Barðaströnd og Vallabjargi á Snæfellsnesi á landi en hafsbotninn og vatnsbolurinn sjálfur njóta ekki verndar. Sá hluti Vesturbyggðar sem er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar nær frá mörkum þess í miðjum Kjálkafirði og að Ytranesi á Barðaströnd.

Breiðafjarðanefnd hefur umsjón með verndarsvæðinu. Árið 2019 fór á stað sérstakt verkefni þar sem landvörður var á svæðinu, sem hafði ekki verið áður. Meðal verkefna hjá landverði var að ástandsmeta nokkra áningar- og áfangastaði innan verndarsvæðisins og í nágrenni þess. Landverði var einnig falið að skoða fjörur innan svæðisins og kanna hvar ferðamenn sækja að strandlengjunni, hvort sem um skipulagða eða sjálfspottna útsýnisstaði er að ræða, skoða hvar gönguleiðir liggja um strandlengjuna, hvort einhver landnýting sé í fjörum og hvar hlunnindi eru nýtt.

Í skýrslu Umhverfisstofnunar, Landvarsla við Breiðafjörð 2019 (2020) er farið yfir þessa staði. Sérstaklega er gerð grein fyrir óskipulögðum áningarstöðum. Eftirfarandi er umsögn um þá;


Fjara við Rauðsdal og Reiðskörð: neðan bæjarins Rauðsdals á Barðaströnd liggur þjóðvegurinn nálægt ljósri sandfjöru. Fjaran er falleg og dregur að sér ferðamenn svo oft má sjá bíla á flötinni, sér í lagi þegar ferjan Baldur er nýkomin að landi með farþega. Af þjóðveginum er greinilegur gamall slóði sem er notaður en engin bílastæði eru til staðar. Vestast í fjörunni eru Reiðskörð, berggangur sem gengur út á Breiðafjörðinn, og er áhugaverður bæði fyrir sakir jarðfræði og sögu en þar var áður aftökustaður. Ábúendur í Rauðsdal hafa gert tilraunir til að loka slóðanum þegar fjær dregur. Undir grasbörðum í fjörunni má oft finna pappír og blautþurrkur.

Aðrar fjörur á Barðastönd: nokkuð ber á því að ferðamenn sækja í ljósar sandfjörur neðan bæjanna Litluhlíðar og Miðhlíðar, allt að Haukabergsvaðli. Þær eru, eins og fjaran við Rauðsdal, aðgengilegar frá þjóðvegi þaðan sem gamlir slóðar eru sjáanlegir en á þessum slóðum var flugbraut forðum. Engir innviðir eru til staðar og eitthvað er um utanvegaakstur í fjörunni. Ferðamenn hafa merkt staðinn á Google Maps og ranglega nefnt svæðið „Barðastrandarsandur“.

Fram kom í skýrslu landvarðar að helstu úrbætur væru að útbúa bílastæði við fjöruna við Rauðsdal og Reiðskörð og setja upp upplýsingaskilti um sögu og jarðfræði Reiðskarða. Einnig væri mikilvægt við aðra fjörur á Barðaströndinni að koma í veg fyrir utanvegaakstur í fjörum með bílastæðum, reipi og merkingum.

2.6. SVÓT greining

SVÓT greining fyrir ferðaþjónustuna í Vesturbyggð var unnin af starfshóp verkefnisins og upp úr punktum af opnum fundi ferðaþjónustunnar í Vesturbyggð í júní 2020, sjá mynd 20.



Mynd 20 - SVÓT greining ferðaþjónustu í Vesturbyggð.

Styrkleikar: Náttúran, fólkið og vatnið eru aðal styrkleikarnir. Nálægðin við helstu segla Vestfjarða og tengingin við Vestfjarðaleiðina.

Veikleikar: Hlutfallslega lítill hluti ferðamanna kemur á þetta svæði miðað við heildarfjölda þeirra sem koma til landsins. Veikleiki er að ferðaþjónustan er árstíðabundin á svæðinu og einnig er aðgengi að helstu náttúrperlum erfitt yfir vetrartímann.

Ógnanir: Staðan í samfélaginu í dag og aðgengi að náttúrperlum bæði veikleiki og ógn við ferðaþjónustuna á svæðinu.

Tækifæri: Tækifærin leynast víða og þá sérstaklega í takti við styrkleikana. Það er tækifæri í fámenni, og þá sérstaklega yfir veturinn. Miðað við aðstæður í heiminum er einmitt tækifæri í því að fólk gæti komið og núllstíllt sig og byggt sig upp. Það liggja líka tækifæri í því sem er til staðar eins og fólkið, matargerðin og viðburði. Vesturbyggð er með tengingu við Vestfjarðaleiðina sem er nýtt aðdráttarafl. Einnig með bættum samgöngum milli svæða liggja tækifæri.

2.7. Helstu áskoranir

Ein af helstu áskoranir ferðaþjónustunnar í Vesturbyggð er árstíðarsveiflan. Innviðir og samgöngur eiga þar stærsta hlutann í beinni tengingu við fjölda ferðamanna sem koma til Vesturbyggðar yfir árið. Samgöngur eru ennþá erfiðar yfir veturinn og setja miklar hömlur á ferðaþjónustuna sem og aðgengi að helstu perlum svæðisins eru erfiðar og/eða nánast ófærar. Það er því erfitt fyrir ferðaþjónustufyrirtæki að halda rekstri allt árið. Því loka margir rekstraraðilar yfir veturinn eða halda rekstri í lágmarki. Það er því mikilvægt að samgöngur og þjónusta í kringum þær verði bættar til að ferðaþjónustan geti boðið upp á áfangastað allt árið.

Í innviðagreiningu Vesturbyggðar (2019) kemur fram að ferðaþjónustan sé samofin mörgum atvinnugreinum og sé oft sprottin upp í tengslum við aðra atvinnugreinar s.s sjávarútveg, landbúnað og fiskeldi. Oft er ferðaþjónustan hliðargrein fyrir eigendur sem gerir það að verkum að þegar lægð er í ferðaþjónustu eiga þessir aðilar auðveldara með að loka og sinna öðru. Það gerir að verkum að ferðaþjónustan er ekki stöðug á svæðinu og erfitt að stóla á að allt sé opið. Mikilvægt er að hjálpa og ýta undir með fyrirtækjunum sem vilja gera ferðaþjónustuna að heilsáratvinnugrein. Þetta á líka við verslun og þjónustu.

Með fámenni felast bæði tækifæri og áskorun. Það er styrkur og markaðsforskot að geta boðið upp á fámennið í dag, sérstaklega þegar Covid faraldurinn hefur sett heiminn úr skorðum. Fólk vill geta ferðast til staða þar sem fámenni er. Hins vegar er áskorun fólgin í því að ekki eru nóg af fólki til að sinna störfum tengdum ferðaþjónustu. Erfiðlega getur verið að manna stöður eftir sumarið þegar krakkar fara aftur í skólann eða úr bæjarfélaginu. Í því felst áskorun að halda fólkinu á svæðinu.

3. Framtíðarmarkmið

Framtíðarmarkmið og sýn er unnin upp úr gögnum sem komu frá stýrihóp fyrir verkefnið sem og opnum fundum fyrir ferðaþjónustuna sem haldnir voru á Patreksfirði og Bíldudal. Einnig voru gögn frá vinnu Áfangastaðaáætlun Vestfjarða nýtt.

3.1. Framtíðarsýn

Sameiginleg sýn ferðaþjónustunnar í Vesturbyggð næstu 2 árin.

Vesturbyggð er áfangastaður einstakrar upplifunar sjávar og sands, vatns og vellíðunar allt árið um kring. Ferðaþjónusta hefur jákvæð áhrif, skapar verðmæti fyrir íbúa og ýtir undir vernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda svæðisins.

3.2. Tengsl við aðra áætlunargerð

Ferðamálastefna Vesturbyggðar er í beinni tengingu við Áfangastaðaáætlun Vestfjarða, Stefnumótun Vestfirskrar ferðaþjónustu og Innviðagreiningu Vesturbyggðar. Ferðamálastefnan tekur einnig mið af aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 og Landsskipulagsstefnu að ferðaþjónusta sé í sátt við náttúru og umhverfi. Ferðamálastefnan er unnin með því hugafari að tala við þær stefnur og áætlunargerðir.

3.3. Áherslur

Stóra myndin af þeim stefnumótandi markmiðum sem koma út úr framtíðarsýninni

- Heilsárferðaþjónusta
- Vatn og vellíðan
- Samvinna
- Fjölbreytt
- Arðbær

Áherslurnar taki mið af heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðana um sjálfbæra þróun m.a. markmið 4 – Menntun fyrir alla, 9 – Nýsköpun og uppbygging, 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög, 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla, 13 – Aðgerðir í loftlagsmálum og undirmarkmiðum þeirra m.a. í samræmi við aðalskipulag Vesturbyggðar.

3.4. Starfsmarkmið

Hér er farið í starfsmarkmið út frá áherslum. Út frá þessum starfsmarkmiðum kemur sjálf aðgerðaáætlunin í kafla 4.3.

- **Látrabjarg** – Unnið að framtíðarlausn með heildarskipulagningu Látrabjargs sem áfangastaðar.
- **Kolabryggjan á Vatneyri** – Hönnun og enduruppbygging gamallar bryggju við Vatneyri á Patreksfirði í tengslum við sjótengda ferðaþjónustu.
- **Bæjarmynd Bíldudals** – Uppbygging og þróun Gömlu Smiðjunnar og gömlu bæjarmyndar Bíldudals.
- **Rauðasandur** – Heildarskipulagning Rauðasands sem heilsárs áfangastaðs.
- **Garðar BA** – Uppbygging áningarstaðar.
- **Listasafn Samúels í Selárdal** - Áframhald á viðeigandi uppbyggingu safnsins með aðstöðu fyrir gesti, veitingar og búð. Bæta þarf aðgengi að safninu.
- **Sundlaugin í Krossholti** - Uppbygging í kringum náttúrulega í Krossholti á Barðaströnd.
- **Skógræktarsvæðið við Bíldudal** - Uppbygging, hönnun og þróun stígakerfis í og við skógræktarsvæði Bíldudals.
- **Reykjafjörður í Arnarfirði** - Uppbygging og þróun í kringum heitar laugar í Reykjafirði.

- **Skrímslafjörðurinn Arnarfjörður** - Uppbygging og hönnun skrímsla stoppa ásamt miðlun upplýsinga og fræðslu.
- **Svuntufoss í Patreksfirði** - Þróun og framkvæmd vegna aðkomu að Svuntufossi, merkingar á áfangastað ásamt miðlun upplýsinga.
- **Útivistarsvæði fyrir vetraríþróttir** - Hönnun og framkvæmdir á útivistarsvæði fyrir vetraríþróttir, með áherslu á skíðaiðkun fjölskyldunnar og uppbyggingu skíðaiþróttar á sunnanverðum Vestfjörðum.
- **Göngu og hjólaleiðir** - Kortlagning, uppbygging og miðlun göngu og hjólaleiða.
- **Áningarstaðir** – Kortlagning, uppbygging og miðlun áningarstaða.

4. Stefna og aðgerðaáætlun

4.1. Hvernig ferðaþjónustu viljum við

Stefna Vesturbyggðar er í samræmi við Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Þar er lögð sérstök áhersla á sjálfbæra ferðaþjónustu sem snýr að náttúru og menningu.

- Náttúruferðamennska (e. nature-based tourism)
- Sjálfbær ferðamennska (e. sustainable tourism)
- Upplifunarferðamennska (e. experience tourism)
- Menningar- og arfleifðarferðamennska (e. culture and heritage tourism)
- Matarferðamennska (e. food/culinary tourism)

Stefnan er að í Vesturbyggð verði ekki massa ferðaþjónusta en megin áhersla á að byggja upp ferðaþjónustu fyrir gesti sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

Sjálfstæði landkönnuðurinn er sá markhópur, miðað við markhópagreiningu Íslandsstofu, sem hentar best ferðaþjónustu í Vesturbyggð, sjá kafla 2.2.2.

4.2. Möguleikar svæðisins

Til þess að átta sig á hvað þarf að bæta til að Vesturbyggð verði sem samkeppnahæfast og sinni þörfum þess markhóps sem einblínt er á, eru hér settir fram punktar úr frá þeim gögnum sem hafa komið fram í stefnunni.

Upplýsingar

- Skýrar og vel framsettar, hvort sem er á netinu eða við komu
- Hagnýting netsins við miðlun upplýsinga
- Upplýsingamiðlun miði við þarfir gesta

Framsetning efnis

- Að ferðaþjónustuaðilar taki þátt í að móta og séu meðvitaðir um stefnu Vesturbyggðar og Vestfjarða í markaðsmálum
- Ferðaþjónar og sveitarfélög nýti efni Markaðsstofnunar og skilaboð séu samhæfð

Gæði

- Hvort sem er á gæði vöru eða starfsemi rekstaraðila þá skipta gæði miklu í ásýnd
- Að tileinka sér gæðastaðla eins og Vakann hjálpar til við framsetningu á vöru

Lengd opunar

- Til að ferðatímabilið eigi möguleika á að lengjast þarf að huga að opnunartíma þjónustunnar, hvort sem er gististaðir, veitingastaðir eða afþreying (Skoða þarf samstarf aðila um að skiptast á opnunartíma)
- Tryggja lágmarksþjónustu allt árið (gisting, veitingar, afþreying)

Fleiri vörur

- Aukið samstarf ferðaþjóna við þróun ferða
- Þróun fleiri afþreyingamöguleika

Samgöngur

- Þjónusta við vegi í takt við ferðaþjónustu
- Merkingar á vegum og áningarstöðum
- Réttar upplýsingar um færð á vegum, opnanir og vetrarlokanir á helstu vefum

Betri tæknileg þekking

- Tryggja þarf fræðslu til ferðaþjóna og uppfærslu tæknilegrar getu
- Ferðaþjónar kunnir að skrá sig t.d. á Google Maps og helstu sölusíður
- Hægt sé að bóka helstu ferðavörur á netinu
- Ferðaþjónar séu sýnilegir með góðar og uppfærðar upplýsingar um fyrirtæki sín á netinu

Umhverfisvitund

- Ferðaþjónustufyrirtækin taki þátt í umhverfisverkefnum svo sem Grænum skrefum og Vaknanum
- Ferðaþjónar þekki Umhverfisvottun Vestfjarða og kynni á vefjum sínum

4.3. Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun er unnin eftir starfsmarkmiðum í kafla 3.4 og er skipt upp í aðallista og síðan lista um áningarstaði og göngu- og hjólastíga.

Verkefni	Látrabjarg
Markmið	Unnið að framtíðarlausn með heildarskipulagningu Látrabjargs sem áfangastaðar.
Stutt verkefnalýsing	Nauðsynleg innviðauppbýgging þarf að eiga sér stað við Látrabjarg svo sem gestastofa, salernisaðstaða, bílastæði sem og uppbygging göngustíga og lagfæring á svæðinu. Jafnframt þarf að stórauka öryggi við bjargið.
Árangursmælikvarðar	Tekin sé endanlega ákvörðun um þróun Látrabjargs sem áfangastaðar. Tryggt sé nauðsynleg innviðauppbýgging.
Lokaafurð	Þjóðgarður við Látrabjarg með nauðsynlegri innviðauppbýggingu.
Tímarammi	2021-2026.

Verkefni	Kolabryggjan á Vatneyri
Markmið	Hönnun og enduruppbygging gamallar bryggju við Vatneyri á Patreksfirði í tengslum við sjótengda ferðaþjónustu.
Stutt verkefnalýsing	Að byggja upp sjótengt útivistarsvæði við Vatneyri á Patreksfirði. Með verkefninu verður samtvinnað menningarsaga svæðisins með uppbyggingu svokallaðrar kolabryggju, sem stóð á svæðinu, ásamt því að skapa aðstöðu fyrir sjótengda útivist svo sem sjósund, kajak- og kanoo siglingar, SUP brettasiglingar og fl.
Árangursmælikvarðar	Hönnun útivistarsvæðis. Endurbygging bryggju.
Lokaafurð	Heildstætt hannað útivistarsvæði.
Tímarammi	2022-2027.

Verkefni	Bæjarmynd Bíldudals
Markmið	Uppbygging og þróun Gömlu Smiðjunnar og gömlu bæjarmyndar Bíldudals.
Stutt verkefnalýsing	<p>Verkefnið snýr að uppbyggingu og þróun Gömlu smiðjuna sem og hönnun í kringum smiðjuna með gömlu bæjarmynd Bíldudals. Verkefnið snýr að uppbyggingu þriggja húsa, Svalborg frá um 1880, Búlshús frá 1862 og Kaupmannshús frá 1882 en það brann árið 1928. Einnig uppfylling í höfn sem og bryggju sem liggur meðfram svæðinu. Um stórt verkefni er að ræða og er hér farið yfir fyrsta hluta.</p> <p>Fyrsta hluta verkefnisins snýr að teikningarvinnu en til eru teikningar af öllum húsunum sem þarf að uppfæra og hönnun á svæðinu. Með verkefninu er verið að stuðla að uppbyggingu á stórum segli innan bæjarins og leyfa ferðamönnum að njóta bryggjustemmingar og fagurra minja.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Teikningarvinna lokið.</p> <p>Hönnunarvinna lokið.</p> <p>Framkvæmdir hefjast.</p>
Lokaafurð	Heilstæð bæjarmynd Bíldudals sem aðdráttarafl
Tímarammi	Tímarammi fyrsta hluta 2022-2024

Verkefni	Rauðasandur
Markmið	Heildarskipulagning Rauðasands sem heilsárs áfangastaðs.
Stutt verkefnalýsing	Vinna þarf heildstæða áætlun um þróun Rauðasands sem áfangastaðar. Jafnframt þarf að finna leið til að miðla nauðsynlegum upplýsingum um aðstöðu til ferðamanna. Nauðsynleg uppbygging þarf að vera á svæðinu til að taka á móti ferðamönnum allt árið í kring.
Árangursmælikvarðar	<p>Uppsetning skilta.</p> <p>Heildarskipulag áfangastaðarins Rauðasands.</p>
Lokaafurð	Rauðasandur verður heildstæður áfangastaður allt árið.
Tímarammi	2022-2026.

Verkefni	Garðar BA
Markmið	Uppbygging áningarstaðar.
Stutt verkefnalýsing	Nauðsynleg uppbygging þarf að vera við Garðar BA, gera þarf bílastæði, uppsetning salerna og jafnframt þarf að setja upp upplýsingarskilti.
Árangursmælikvarðar	Bílastæði. Uppsetning salerna. Uppsetning upplýsingarskilta.
Lokaafurð	Lagfæring áningarstaðar.
Tímarammi	2022-2024.

Verkefni	Listasafn Samúels í Selárdal
Markmið	Áframhald á viðeigandi uppbyggingu safnsins með aðstöðu fyrir gesti, veitingar og búð. Bæta þarf aðgengi að safninu.
Stutt verkefnalýsing	Mikil uppbygging hefur verið við Listasafn Samúels undanfarin ár, en þó er nauðsynlegt að bæta enn við með áframhaldandi uppbyggingu safnsins með bættri aðstöðu fyrir gesti, veitingar og búð. Vegurinn að listasafninu hefur takmarkandi áhrif á heimsóknir og nauðsynlegt að bæta aðgengi með því að laga veginn.
Árangursmælikvarðar	Lagfærður vegur. Safnið lagfært.
Lokaafurð	Aðgengilegt uppfært safn sem er opið allt árið.
Tímarammi	2022-2026.

Verkefni	Sundlaugin í Krossholti
Markmið	Uppbygging í kringum náttúrulega í Krossholti á Barðaströnd.
Stutt verkefnalýsing	Vinna áfram heildstæða langtímaáætlun um sundlaugina og náttúrulegna sem áfangastað. Vinna að bættri aðstöðu, aðkomu og umhverfi fegrað.
Árangursmælikvarðar	Heildstæð áætlun. Bætt aðstaða. Umhverfi fegrað.
Lokaafurð	Heildstæð áætlun og lagfæring áfangastaðar.
Tímarammi	2022-2026.

Verkefni	Skógræktarsvæðið við Bíldudal
Markmið	Uppbygging, hönnun og þróun stígakerfis í og við skógræktarsvæði Bíldudals.
Stutt verkefnalýsing	Verkefnið snýr að uppbyggingu, hönnun og þróun stígakerfis í og við skógræktarsvæði Bíldudals með tengingu við þorpið. Einnig þarf uppsetning viðeigandi upplýsingaskilta.
Árangursmælikvarðar	Hönnunarvinnu lokið. Stígagerð lokið. Uppsetning viðeigandi upplýsingaskilta.
Lokaafurð	Heilstætt stígakerfi um svæðið.
Tímarammi	2022-2026.

Verkefni	Reykjafjörður í Arnarfirði
Markmið	Uppbygging og þróun í kringum heitar laugar í Reykjafirði.
Stutt verkefnalýsing	Vinna heilstæða langtímaáætlun um heitu laugarnar og umhverfið. Uppbygging og þróun unnin og vinna að bættri aðstöðu, aðkomu og umhverfi fegrað.
Árangursmælikvarðar	Langtímaáætlun unnin og kláruð. Uppbygging kláruð.
Lokaafurð	Lagfæring og fegrún áningarstaðar
Tímarammi	2022-2026.

Verkefni	Skrímslafjörðurinn Arnarfjörður
Markmið	Uppbygging og hönnun skrímsla stoppa ásamt miðlun upplýsinga og fræðslu.
Stutt verkefnalýsing	Með verkefninu er verið að þróa skrímslaáherslu lengra og auka fræðslu. Ný afþreying og aðdráttarafl. Fara þarf í hönnunarvinnu, efnisvinnu og uppsetning skilta.
Árangursmælikvarðar	Hönnunarvinnu lokið. Efnisvinnu lokið. Uppsetning skilta.
Lokaafurð	Ný afþreying um svæðið með fræðslu.
Tímarammi	2022-2027.

Verkefni	Svuntufoss í Patreksfirði
Markmið	Þróun og framkvæmd vegna aðkomu að Svuntufossi, merkingar á áfangastað ásamt miðlun upplýsinga
Stutt verkefnalýsing	Þróa þarf Svuntufoss sem áfangastað. Laga aðkomu þar sem erfitt getur verið að komast af aðalvegi á slóðann. Uppsetning skilta með upplýsingum.
Árangursmælikvarðar	Hönnun Aðkoma lagfærð og uppsetning skilta
Lokaafurð	Lagfæring áfangastaðar með bættu aðgengi
Tímarammi	2022-2027

Verkefni	Útivistasvæði fyrir vetraríþróttir
Markmið	Hönnun og framkvæmdir á útivistarsvæði fyrir vetraríþróttir, með áherslu á skíðaiðkun fjölskyldunnar og uppbyggingu skíðaiþróttar á sunnanverðum Vestfjörðum.
Stutt verkefnalýsing	Vinna þarf hönnun fyrir útivistarsvæði upp á Hálfðán. Einnig þarf að vinna framkvæmdaáætlun og fara í uppbyggingu á svæðinu.
Árangursmælikvarðar	Greining og hönnun svæðis. Framkvæmdir kláraðar.
Lokaafurð	Heilstætt skipulagt útivistarsvæði fyrir vetraríþróttir í Vesturbyggð.
Tímarammi	2022-2027

Göngu og hjólaleiðir

- Kortlagning, merking og miðlun upplýsinga um leiðir og stíga um Ketildali.
- Uppbygging gönguleiðar á Lónfell.
- Afmörkun stíga um höfn og í kringum hafnarsvæðið á Patreksfirði, öryggismál vegna atvinnustarfsemi ásamt tengingu við Vatneyrarsvæði.
- Stígagerð og merkingar í kringum snjóflóðavarnargarða á Patreksfirði.
- Uppbygging stígakerfis, merkingar og miðlun leiða um skógræktarsvæði við Bíldudal.
- Merking leiðar og miðlun upplýsinga í tengslum við kuml í Hringsdal.
- Þróun og uppbygging skrímslaleiðar um Arnarfjörð.
- Kortlagning, merking og miðlun gönguleiða umhverfis Bíldudal.

Áningarstaðir

- Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við Hvestu í Arnarfirði.
- Áningarstaður við Skógræktarsvæði við Bíldudal.
- Áningarstaður í Trostansfirði.
- Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga uppi á Dynjandisheiði.
- Áningarstaður við A húsið í Fossfirði.
- Áningarstaður við fiskhjalla í Mikladal.
- Áningarstaður við Stapana í Patreksfirði.
- Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við Flókatóftir.
- Áningarstaður við Foss í Fossfirði.
- Áningarstaður við Garðar BA í Skápadal.
- Áningarstaður við Gíslahelli í Vatnsfirði.
- Áningarstaður við Kleifakarlinn á Kleifarheiði.
- Áningarstaður við kumlin í Vatnsdal.
- Áningarstaður við Móbergfoss á Rauðasandi

5. Kostnaður, mannaflí og úrræði

Kostnaðar vegna þeirra verkefna sem sett eru fram í stefnunni er óútfærður en erfitt er að áætla kostnað á verkefnum og væru því næstu skref að meta fjárför fyrir hvert verkefni fyrir sig. Það verður ekki gert hér í þessari stefnu.

Þættir sem þarf að taka tillit til og skoða við gerð kostnaðaráætlunar eru t.d. verkefnastjórnun, hönnun, deiliskipulag, framkvæmd og fleira og einnig þarf að leita tilboða hjá viðeigandi aðilum.

Samstarfsaðilar hvers verkefnis fyrir sig gætu borið vissan kostnað en hins vegar er á heildina litið til sveitafélagsins og stjórnvalda. Í vissum verkefnum er leitað til annara sjóða og styrkja og eru það ábyrgðaaðilar sem bera ábyrgð á umsóknum úr þeim.

6. Lokaorð

Ferðapjónustan í Vesturbyggð hefur bjarta framtíð. Mikilvægt er þó að innviðir séu til staðar til þess að og hlúið sé að þeim perlum sem eru innan sveitafélagsins. Með því að vera með markvissa stefnu og aðgerðaáætlun hjálpar það sveitafélaginu að halda utan um og skipuleggja innviði á gömlum seglum sem og nýjum. Mikilvægt er að Vesturbyggð hugi að innleiðingu stefnunnar og eftirfylgni.

Það er von að þessi stefna gefi sveitafélaginu og ferðapjónum gott tæki til að vinna með og huga að uppbyggingu í rétta átt.

7. Heimildaskrá

Arnþór Gunnarsson. (2018). *Saga flugvallanna og flugleiðsögu á Íslandi*. Isavia. Sótt af https://issuu.com/isavia0/docs/saga_isavia_web_161118_mu

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. (2018). *Áfangastaðaáætlun Vestfjarða*. Vestfjarðastofa. Sótt af https://www.vestfiridir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/afangastadaaaetlun_vestfjarða.pdf

Ferðamálastofa. (2020.) *Ferðamenn taldir á 24 áfangastöðum*. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdamenn-taldir-a-24-afangastodum>

Fræðslumiðstöð Vestfjarða. (e.d.). *Um Fræðslumiðstöð Vestfjarða*. Sótt af https://www.frmst.is/fraedslumidstodin/um_fraedslumidstod/

Hagstofan. (2022a). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2020 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2021*. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02005.px

Hagstofan. (2022b). *Gistinætur og gestakomur á Vestfjörðum* https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_ferdathjonusta_Gisting_3_allart_egundirgististada/SAM01601.px/table/tableViewLayout1/?rxid=8014b93e-5e8b-489c-a502-1e51c3bd0bcd

Innviðagreining Vesturbyggðar. (2019). *Innviðagreining Vesturbyggðar*. Sótt af <https://content.vesturbyggd.is/wp-content/uploads/2019/05/4063-002-gre-004-v02-innvieagreining-vesturbygge-prentun-1.pdf>

Íslandsstofa. (2017). *Markhópar fyrir íslenska ferðaþjónustu*. Sótt af <https://www.islandsstofa.is/media/1/markhopar-171008-mq.pdf>

Minjastofnun. (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar*. Sótt af <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

Náttúrustofa Vestfjarða. (e.d.) *Um stofnunina*. Sótt af https://www.nave.is/um_stofuna_2/

Umhverfisstofnun. (2017). *Látrabjarg og nágrenni, landvarsla, ástand innviða og staða friðlýsingar*. Sótt af <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridlysingar/Latrabjarg/L%C3%A1trabjarg%20%C3%A1rssk%C3%BDrsla%202017.pdf>

Umhverfisstofnun. (2019). *Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða 2019*. Sótt af <https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/astand-fridlystra-svaeda/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2019.pdf>

Umhverfisstofnun. (2020). *Landvarsla við Breiðafjörð 2019*. Sótt af <https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Landvarsla%20vi%c3%b0%20Brei%c3%b0afj%c3%b6r%c3%b0%202019.pdf>

Umhverfisstofnun. (e.d-a). *Starfstöð Patreksfirði*. Sótt af <https://www.ust.is/umhverfisstofnun/starfsstodvar/patreksfjordur/>

Umhverfisstofnun. (e.d-b). *Upplýsingar um ástandsmat áfangastaða*. Sótt af <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/astand-natturuverndarsvaeda/astandsmat-afangastada-innan-fridlystra-svaeda/>

Umhverfisstofnun. (e.d-c). *Friðlýsingar í vinnslu, Látrabjarg*. Sótt af <https://www.ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/latrabjarg/>

Umhverfisstofnun. (e.d-c). *Náttúruminjaskrá*. Sótt af <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir/>

Vegagerðin. (2022a). *Vetrarþjónusta*. Sótt af <http://www.vegagerdin.is/sthbthjon.nsf/2d1e761d5db9cd840025702a00731850/bb547e8b6007ff790025804a003d2208?OpenDocument>

Vegagerðin. (2022b). *Vetrarþjónusta á Dynjandisheiði*. Sótt af <http://www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vetrarthjonusta/vinnureglur//95967d9753d7753b0025711c006a5e3d?OpenDocument>

Vestfjarðastofa (e.d.). *Umhverfislögregla sveitafélaga EarthCheck*. Sótt af <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/umhverfislögregla-vestfjarda>

Vesturbyggð (e.d.). *Um Vesturbyggð*. Sótt af <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/vesturbyggd/um-vesturbyggd/>

Vitar og hafnir (e.d). *Vitar og hafnir*. Sótt af vitaroghafnir.vegagerdin.is

Vesturbyggð. *Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2022*. Sótt af <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/utgafa-og-auglysingar/frettir/adalskipulag-vesturbyggdar-2018-2035-nidurstada-baejarstjornar/>

Munnlegar heimildir

Hagstofa Íslands. Tölvupóstur Svanhvít Eggertsdóttir, sérfræðingur Hagstofa Íslands, 28.apríl 2022

Isavia. Tölvupóstur Arnór Magnússon, umdæmisstjóri Isavia Ísafirði, 2. október 2020 Umferðatölur á flugvöllum Isavia.

Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir. Tölvupóstur Rögnvaldur Ólafsson Háskóli Íslands, 2021. Talning bifreiða við Látrabjarg og Rauðasand.

Skatturinn. Tölvupóstur Páll Kolbeinsson, 22. janúar 2021.